

Skýrsla á aðalfundi HEILAHEILLA 26. mars 2022

Enn setti Covid-19 heimsfaraldurinn félagsstarfsemi félagsins úr skorðum, er varðar hina reglulegu og mánaðarlegu félagsfundi, samkomur, jafningjafræðslu og reynt var að halda þessari starfi áfram í gegnum samfélagsmiðla, t.m. með fjarfundum o.s.frv..

MARKMIÐ

Heilaheill hefur á s.l. ári 2021, eins og undanfarin ár, unnið að hagsmunum landsmanna er hafa orðið fyrir slagi [*heilablóðfalli*], aðstandenda, fagaðila og þeirra er hafa áhuga á málefnum, og unnið að forvörnum, skjótri meðhöndlun til að koma í veg fyrir frekari skaða, endurhæfingu og leitast er við að hafa samstarf við alla þá er láta sig málið varða.

STARF

Megin starfsemin fer fram í Reykjavík og á Akureyri. Akureyrardeildin er öflug og hafa verið góðir fundir á Greifanum á Akureyri.

STJÓRN

Stjórn félagsins er skipuð af Þóri Steingrímssyni, formanni; Páli Árdal, gjaldkera; Baldri Benedikt Ermenreki Kristjánssyni, ritara í aðalstjórn; Kristínu Árdal og Sædísí Þórðardóttur varamönnum.

STUÐNINGUR

Félagið hefur fengið góðan stuðning talmeinafræðinganna Þórunnar Hönnu Halldórsdóttur forstöðutalmeinafræðings á Reykjalandi og aðjúnks í talmeinafræði við Háskóla Íslands og Gunnar Högnadóttur, Akureyri, er heldur úti heimasíðu um málstol. Þá hafa þau Marianne Elisabeth Klinke forstöðumaður fræðasviðs í hjúkrun tauga- og taugaendurhæfingasjúklinga og Björn Logi Þórarinsson, lyf- og taugasérfræðingur lagt félaginu lið með þátttöku sinni í “tengslaneti” fagaðila um slagið, sem eru orðnir um á annan tug einstaklinga, sjúklinga og fagaðila, víðsvegar um landið. Kunnum við þessu fólki miklar þakkir fyrir.

ÁTAKSVERKEFNI

Á árinu 2020 tók félagið þá ákvörðun að taka þátt í evrópskri aðgerðaráætlun, þar sem fagaðilar og sjúklingar taka höndum saman er varðar heilablóðfallið. SAP-E, (Stroke Action Plan for Europe) er byggð á undirrituðu samkomulagi er samtökin ESO (European Stroke Association) og SAFE (Stroke Alliance For Europe) gerðu með sér 2018, þar sem gert er ráð fyrir að hvert land fyrir sig innan samtakanna vinni að ákveðnum markmiðum skv. sérstöku áhættumati. Félagið leggur áherslu á að mynduð verði samtök með fagaðilum hér á landi og yfirvöld undirriti sameiginlega viljayfirlýsingu Evrópuþjóða um baráttuna gegn heilablóðfalli til ársins 2030. Hefur yfirstjórn Landspítalans boðað til fundar með umsjónarmönnum SAP-E hér á landi um málefni átaksins í apríl n.k., - en þeim er boðið til ráðstefnu samtakanna í maí n.k..

FÉLAGSSTARFIÐ

Margir þekktir listamenn hafa heimsótt félagið á undanförunum árum og hafa stutt gott málefni án endurgjalds og kann félagið þeim miklar þakkir fyrir. Í upphafi ársins 2020 hélt félagið félagsfundum að Sigtúni 42, Reykjavík og á Glerárgötu á Akureyri.

STARFSEMIN

Félagið er með aðild að ÖBÍ; í samstarfi LSH; SAMTAUG, Hjartaheill, m.a. er nefnist GoRed og Hjartavernd og hefur Kristín Árdal verið þar fulltrúi félagsins í því samstarfi. Félagið er nú með formennsku að Nordisk Afasiráð 2021-2023 og hefur Þórunn Hanna Halldórsdóttir, yfirtalmeinafræðingur á Reykjalundi og Baldur Benedikt Ermenrekur Kristjánsson, gjaldkeri, verið fulltrúar félagsins í því starfi.

Regluleg samskipti félagsins við félagsmenn, önnur félög og almenning eru:

1. Heimasíðan með fréttir og upplýsingar um slagið
2. Tölvupóstur til félagsmanna og almennings
3. Póstlisti til félagsmanna o.fl.
4. Fésbókarsíður, viðburðir o.fl.
5. YouTube fræðslumyndbönd o.fl.
6. Árleg samvinnuverkefni Hjartaheill / Hjartavernd/GoRed
7. Árlegt samvinnuverkefni Hjartadagshlaupið - Hjartaheill / Hjartavernd
8. Slagorð, blað félagsins
9. Bæklingar um forvarnir o.fl.
10. Heila-app í samvinnu við ÖBÍ og stuðnings Velferðarráðuneytisins
11. Málstolverkefni í samvinnu við Heilbrigðisráðuneytið
12. LSH (undirritað samkomulag um gagnkvæma samvinnu um fræðslu)
13. B-2 (Taugalækningadeild)
14. Kristnes Akureyri (óformlegt samband)
15. Reykjalundur (óformlegt samband s.s. við talmeinafræðinga)
16. Erlend samskipti hafa verið óbreytt, er hafa gefist vel:
 - SAFE (Stroke Alliance for Europe) - Sjúklingasamtök á Evrópusvæðinu
 - SAP-E (Stroke Action For Europe) – Samstarfsverkefni við fagaðila
 - NORDISK AFASIRÁÐ – formennska 2021-2023 - (Norræn samtök)

Að lokum óskum við félagsmönnum góðs gengis og að þrátt fyrir slagið, - ítrekum við að “Áfall er ekki endirinn!”

Stjórnin

